

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur fimmtudaginn 22. september 2016 í máli nr. E-4935/2014:

LBI ehf.

(Herdís Hallmarsdóttir hrl.)

gegn

Thomas Peter Thun

(Borgar Þór Einarsson hrl.)

I,

Mál þetta var höfðað 4. október 2014 og dómtekið 2. september 2016.

Stefnandi er LBI ehf., Álfheimum 74, 105 Reykjavík.

Stefndi er Thomas Peter Thun, Bolbrovej 2, DK-2960 Rungsted Kyst, Horsholm, Danmörku.

Stefnandi krefst þess að stefnda verði gert að greiða sér 113.773.739 japönsk jen ásamt umsömdum vöxtum. Af 87.463.063 japönskum jenum, með 2,06000% vöxtum frá 10. maí 2007 til 8. júní 2007, en með 1,99828% vöxtum frá 8. júní 2007 til 9. júlí 2007, en með 1,99680% vöxtum frá 9. júlí 2007 til 18. júlí 2007. Af 101.473.281 japönsku jeni, með 1,99660% vöxtum frá 18. júlí 2007 til 7. ágúst 2007. Af 102.233.229 japönskum jenum, með 2,04209% vöxtum frá 7. ágúst 2007 til 10. september 2007. Af 103.904.228 japönskum jenum, með 2,18197% vöxtum frá 10. september 2007 til 5. október 2007. Af 104.461.403 japönskum jenum, með 2,18945% vöxtum frá 5. október 2007 til 10. október 2007, en með 2,14059% vöxtum frá 10. október 2007 til 12. nóvember 2007, en með 2,01912% vöxtum frá 12. nóvember 2007 til 12. desember 2007, en með 2,02704% vöxtum frá 12. desember 2007 til 9. janúar 2008. Af 104.889.236 japönskum jenum, með 2,40947% vöxtum frá 9. janúar 2008 til 15. janúar 2008, en með 2,08727% vöxtum frá 15. janúar 2008 til 15. febrúar 2008, en með 2,07570% vöxtum frá 15. febrúar 2008 til 17. mars 2008, en með 2,44021% vöxtum frá 17. mars 2008 til 17. apríl 2008, en með 2,31858% vöxtum frá 17. apríl 2008 til 14. maí 2008. Af 111.672.602 japönskum jenum, með 2,32076% vöxtum frá 14. maí 2008 til 19. maí 2008, en með 2,51609% vöxtum frá 19. maí 2008 til 19. júní 2008. Af 112.329.079

japönskum jenum, með 2,52663% vöxtum frá 19. júní 2008 til 1. júlí 2008, en með 2,59232% vöxtum frá 1. júlí 2008 til 22. júlí 2008, en með 2,52854% vöxtum frá 22. júlí 2008 til 22. ágúst 2008, en með 2,48840% vöxtum frá 22. ágúst 2008 til 4. september 2008. Af 113.773.739 japönskum jenum, með 2,49113% vöxtum frá 4. september 2008 til 22. september 2008, en með 2,65155% vöxtum frá 22. september 2008 til 22. október 2008, en með 2,13789% vöxtum frá 22. október 2008 til 22. nóvember 2008, en með 1,96080% vöxtum frá 22. nóvember 2008 til 22. desember 2008, en með 2,07908% vöxtum frá 22. desember 2008 til 22. janúar 2009, en með 1,58159% vöxtum frá 22. janúar 2009 til 22. febrúar 2009, en með 1,52619% vöxtum frá 22. febrúar 2009 til 5. mars 2009, en með 1,37000% vöxtum frá 5. mars 2009 til 12. mars 2009, en með 4,37116% vöxtum frá 12. mars 2009 til 23. mars 2009, en með 4,48807% vöxtum frá 23. mars 2009 til 22. apríl 2009, en með 4,33958% vöxtum frá 22. apríl 2009 til 22. maí 2009, en með 4,26665% vöxtum frá 22. maí 2009 til 22. júní 2009, en með 4,25116% vöxtum frá 22. júní 2009 til 22. júlí 2009, en með 4,23855% vöxtum frá 22. júlí 2009 til 24. ágúst 2009, en með 4,22250% vöxtum frá 24. ágúst 2009 til 22. september 2009, en með 4,21017% vöxtum frá 22. september 2009 til 22. október 2009, en með 4,19790% vöxtum frá 22. október 2009 til 23. nóvember 2009, en með 4,19716% vöxtum frá 23. nóvember 2009 til 22. desember 2009, en með 4,21210% vöxtum frá 22. desember 2009 til 22. janúar 2010, en með 4,20208% vöxtum frá 22. janúar 2010 til 22. febrúar 2010, en með 4,20621% vöxtum frá 22. febrúar 2010 til 22. mars 2010, en með 4,21058% vöxtum frá 22. mars 2010 til 22. apríl 2010, en með 4,21472% vöxtum frá 22. apríl 2010 til 26. maí 2010, en með 4,22687% vöxtum frá 26. maí 2010 til 22. júní 2010, en með 4,22860% vöxtum frá 22. júní 2010 til 22. júlí 2010, en með 4,22563% vöxtum frá 22. júlí 2010 til 23. ágúst 2010, en með 4,22545% vöxtum frá 23. ágúst 2010 til 22. september 2010, en með 4,22115% vöxtum frá 22. september 2010 til 22. október 2010, en með 4,20852% vöxtum frá 22. október 2010 til 22. nóvember 2010, en með 4,20933% vöxtum frá 22. nóvember 2010 til 22. desember 2010, en með 4,21894% vöxtum frá 22. desember 2010 til 24. janúar 2011, en með 4,21618% vöxtum frá 24. janúar 2011 til 22. febrúar 2011, en með 4,22566% vöxtum frá 22. febrúar 2011 til 22. mars 2011, en með 4,26386% vöxtum frá 22. mars 2011 til 22. apríl 2011, en með 4,25200% vöxtum frá 22. apríl 2011 til 23. maí 2011, en með 4,25096% vöxtum frá 23. maí 2011 til 22. júní 2011, en með 4,25457% vöxtum frá 22. júní 2011 til 22. júlí 2011, en með 4,25850% vöxtum frá 22. júlí 2011 til 22. ágúst 2011, en með 4,26193% vöxtum frá 22. ágúst 2011 til 22. september 2011, en með 4,26953% vöxtum frá 22. september 2011 til 24. október 2011, en með 4,27374% vöxtum frá 24. október 2011 til 22. nóvember 2011, en með 4,27820% vöxtum frá 22. nóvember 2011 til

22. desember 2011, en með 4,28123% vöxtum frá 22. desember 2011 til 23. janúar 2012, en með 4,28692% vöxtum frá 23. janúar 2012 til 22. febrúar 2012, en með 4,29087% vöxtum frá 22. febrúar 2012 til 22. mars 2012, en með 4,29469% vöxtum frá 22. mars 2012 til 23. apríl 2012, en með 4,29890% vöxtum frá 23. apríl 2012 til 22. maí 2012, en með 4,30272% vöxtum frá 22. maí 2012 til 22. júní 2012, en með 4,30532% vöxtum frá 22. júní 2012 til 23. júlí 2012, en með 4,30940% vöxtum frá 23. júlí 2012 til 22. ágúst 2012, en með 4,31126% vöxtum frá 22. ágúst 2012 til 24. september 2012, en með 4,31559% vöxtum frá 24. september 2012 til 22. október 2012, en með 4,31330% vöxtum frá 22. október 2012 til 22. nóvember 2012, en með 4,31585% vöxtum frá 22. nóvember 2012 til 24. desember 2012, en með 4,32002% vöxtum frá 24. desember 2012 til 22. janúar 2013, en með 4,31782% vöxtum frá 22. janúar 2013 til 22. febrúar 2013, en með 4,32093% vöxtum frá 22. febrúar 2013 til 22. mars 2013, en með 4,32156% vöxtum frá 22. mars 2013 til 22. apríl 2013, en með 4,32405% vöxtum frá 22. apríl 2013 til 22. maí 2013, en með 4,32416% vöxtum frá 22. maí 2013 til 24. júní 2013, en með 4,32613% vöxtum frá 24. júní 2013 til 22. júlí 2013, en með 4,32820% vöxtum frá 22. júlí 2013 til 22. ágúst 2013, en með 4,33291% vöxtum frá 22. ágúst 2013 til 23. september 2013, en með 4,33700% vöxtum frá 23. september 2013 til 23. október 2013, en með 4,33480% vöxtum frá 23. október 2013 til 25. nóvember 2013, en með 4,33672% vöxtum frá 25. nóvember 2013 til 23. desember 2013, en með 4,34027% vöxtum frá 23. desember 2013 til 23. janúar 2014, en með 4,34193% vöxtum frá 23. janúar 2014 til 24. febrúar 2014, en með 4,34294% vöxtum frá 24. febrúar 2014 til 24. mars 2014, en með 4,34419% vöxtum frá 24. mars 2014 til 24. apríl 2014, en með 4,34808% vöxtum frá 24. apríl 2014 til 23. maí 2014, en með 4,34793% vöxtum frá 23. maí 2014 til 23. júní 2014, en með 4,35181% vöxtum frá 23. júní 2014 til 23. júlí 2014, en með 4,35358% vöxtum frá 23. júlí 2014 til 25. ágúst 2014, en með 4,34174% vöxtum frá 25. ágúst 2014 til 25. september 2014, allt að frádregnum innborgunum, 9. janúar 2008 að fjárhæð 541 japanskt jen, 1. júlí 2008 að fjárhæð 200 japönsk jen og 5. mars 2009 að fjárhæð 92.699.988 japönsk jen.

Þá krefst stefnandi áfallandi vaxta og dráttarvaxta til greiðsludags. Loks krefst stefnandi málskostnaðar.

Stefndi krefst þess að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Til vara er þess krafist að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda að svo stöddu. Til þrautarvara er þess krafist að dómkröfur stefnanda verði lækkaðar. Í öllum tilfellum krefst stefndi málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnanda.

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur, uppkveðnum 28. október 2015, var frávísunarkröfu stefnda, Thomas Peter Thun, hafnað.

Við aðalmeðferð málsins, 31. ágúst sl., var bókað af hálfu lögmanns stefnanda að rekstrarformi LBI hf. hefði verið breytt í einkahlutafélag og að nafn félagsins væri nú LBI ehf.

II.

Málavextir

Hinn 12. mars 2007 gerðu Sidborg Inc, sem lántaki og Landsbanki Luxembourg S.A. sem lánveitandi með sér samning um að bankinn veitti Sidborg Inc lánalínu til tveggja ára, að hámarki ein milljón evra. Í samningnum kemur fram að gjalddagi sé 12. mars 2009 og að umsamdir vextir fyrir hvert vaxtatímabil séu 1% álag á fjármögnunarkostnað Landsbanka Luxembourg og skuli þeir reiknaðir sem dagvextir. Samkvæmt grein 6.1 í lánssamningnum skal notast við deilittöluna 360 þegar reiknaðir eru vextir af láninu. Samkvæmt grein 8.1 leggjast 3% dráttarvextir ofan á höfuðstól lánsins, vexti eða annan áfallinn kostnað við vanefnd samningsins. Í 3. gr. lánssamningsins er mælt fyrir um að lántaka sé heimilt að draga á lánalínuna í evrum eða öðrum myntum sem Landsbanki Luxembourg eigi í viðskiptum með. Í 9. gr. samningsins kemur fram að trygging fyrir láninu sé veitt með veðsamningi, dagsettum 12. mars 2007, persónulegri ábyrgð Thomas Peter Thun, og/eða lánssamningnum sjálfum. Samkvæmt 22. gr. gilda lúxemborgsk lög um lánssamninginn og skal ágreiningi sem upp kunnir að rísa vegna hans, vísað til þarlandra dómstóla.

Stefndi Thomas Peter Thun, sem jafnframt er fyrirvarsmaður og eigandi Sidborg Inc., gekkst í ábyrgð fyrir láninu með undirritun ábyrgðaryfirlýsingar, dagsettrar 12. mars 2007. Stefndi undirritaði jafnframt öll skjöl fyrir hönd félagsins.

Óumdeilt er að lántaki Sidborg Inc. dró níu sinnum á lánalínuna í japönskum jenum á árunum 2007 og 2008 eins og nánar er rakið í stefnu. Þar segir enn fremur að lántaki hafi ekki greitt vexti af láninu þegar þeir féllu til og féllu því umsamdir 3% dráttarvextir á vangoldna vexti. Landsbanki Luxembourg krafði með bréfi, dagsettu 13. október 2008, lántaka um frekari tryggingar fyrir láninu þegar veðþekja lánsins hafði fallið niður fyrir 90% samkvæmt verðmati á eignasafni lántaka, sem sett hafði verið til tryggingar láninu, þann 30. september 2008. Lántaki hafi tvisvar greitt af láninu og var þeim greiðslum ráðstafað í japönskum jenum inn á skuldina.

Samkvæmt málalíbúnaði stefnanda bárust hvorki frekari tryggingar né greiðslur og gekk því bankinn að þeim tryggingum sem til staðar voru þann 5. mars 2009. Var andvirði þeirra, 92.699.988 japönskum jenum, ráðstafað inn á skuldina sem þá stóð í 118.067.106 japönskum jenum. Eftir þá ráðstöfun nam skuld Sidborg Inc. við Landsbanka Luxembourg 21.073.751 japönsku jeni sem bar áfram vexti og

dráttarvexti í samræmi við skilmála lánsamningsins.

Með bréfi Landsbankans Luxembourg S.A., dagsettu 24. mars 2009, til stefnda var tilkynnt að Landsbanki Luxembourg hefði verið tekinn til slitameðferðar. Með bréfinu fylgdi yfirlit yfir stöðu lánsins og upplýsingar um sölu hinna veðsettu eigna.

Þann 10. desember 2009 var stefnda sent innheimtubríf frá danskri lögmannsstofu f.h. Landsbanka Luxembourg S.A., og hann krafinn um greiðslu skuldar að fjárhæð 1.381.565,74 danskar krónur. Stefndi hafnaði greiðslu kröfunnar en fundaði af því tilefni með starfsmönnum stofunnar. Stefnda var með bréfi lögmannsstofunnar, dagsettu 2. febrúar 2011, send ítrekun um greiðslu kröfunnar sem þá var sett fram í japönskum jenum. Þar sem krafan fékkst ekki greidd var mál þetta höfðað.

III.

Málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi kveður skuld stefnanda við hann til komna vegna ábyrgðar sem stefndi hafi undirgengist í tengslum við lán Sidborg Inc hjá Landsbanka Luxembourg S.A. en stefnandi hafi fengið lánið og meðfylgjandi ábyrgð framselt til sín.

Um sakarefni þessa máls gildi lúxemborgsk lög, skv. 9. gr. ábyrgðaryfirlýsingar stefnda en varnarþing sé hér á landi eins og tekið er fram í sömu grein.

Stefnandi byggir á því að með undirritun sinni á ábyrgðina hafi stefndi skuldbundið sig til að tryggja skilvísar og skaðlausar greiðslur af láni Sidborg Inc. en samkvæmt gr. 9.1 í lánasamningnum var ábyrgð stefnda forsenda fyrir lánveitingunni. Lánveitandi hafi mótttekið ábyrgðaryfirlýsingu stefnda en hún sé vottuð af tveimur starfsmönnum lánveitanda. Lúxemborgskir dómstólar hafi í réttarframkvæmd litið sérstaklega til þess að skýrt loforð eða viljayfirlýsing hafi verið mótttekinn af þeim sem skuldbindingunni hafi verið beint til, til þess að hún teljist skuldbindandi. Undir þeim kringumstæðum hafi lúxemborgskir dómstólar litið á ábyrgðir sem sjálfstæða skuldbindingu.

Stefnandi byggir á því að samkvæmt lúxemborgskum lögum teljist ábyrgðaryfirlýsing stefnda vera sjálfstæð ábyrgð (f. cautionnement). Í dómaframkvæmd hafi sérstaklega verið litið til þess að ábyrgðarmaður hafi með óafturkræfum hætti og án sérstakra skilyrða ábyrgst greiðslu skuldar. Þetta fyrirkomulag takmarki þær varnir sem ábyrgðarmaður geti borið fyrir sig. Hafi lúxemborgskir dómstólar komist að þeirri niðurstöðu að komi til vanskila, sé kröfuhafa í sjálfsvald sett hvort hann gangi að ábyrgðarmanni á undan aðalskulðara,

sem sé þá skylt að greiða.

Þá byggir stefnandi á því að samkvæmt lúxemborgskum lögum verði þeir sem ábyrgist skuldir annarra með sjálfstæðum ábyrgðum að sæta meiri háttar mótbárumissi. Í réttarframkvæmd hafi lúxemborgskir dómstólar talið að einu mótbárunar sem komist að gagnvart sjálfstæðum ábyrgðum séu svik, fölsun eða nauðung.

Þegar gengið hafi verið að veðunum hafi söluandlagi eignanna fyrst verið ráðstafað til greiðslu áfallina dráttarvaxta og því næst áfallina vaxta en að lokum á höfuðstól. Sé á því byggt af hálfu stefnanda að slík ráðstöfun sé í samræmi við lúxemborgsk lög, þar sem ekki hafði verið samið sérstaklega um annað og enginn fyrirmæli hafi borist frá stefnda um ráðstöfun greiðslu.

Að teknu tilliti til áfallinna vaxta og innborgana á skuld Sidborg Inc við stefnanda, 25 ágúst 2014, samtals að fjárhæð 26.152.228 japönsk jen, sem samanstandi af höfuðstól, 21.073.751 japönsku jeni, samningsvöxtum, 1366.032 japönskum jenum, dráttarvöxtum af höfuðstól, 3.552.683 japönskum jenum og dráttarvöxtum af samningsvöxtum, 159.762 japönskum jenum. Stefnandi byggir á því að engin greiðsla hafi borist frá stefnda.

Stefnandi byggir kröfu sína á Lúganósamningnum um dómsvald og um viðurkenningu og fullnustu dóma í einkamálum eins og hann hafi verið lögfestur með lögum nr. 7/2011, almennum reglum samninga- og kröfuréttar um efndir samninga og fjárskuldbindinga, almennum skilmálum um opnun bankareiknings hjá Landsbanka Luxembourg, lánasamningi milli Landsbanka Luxembourg S.A., persónulegri ábyrgð Thomas Peter Thun á láni Sidborg Inc og lúxemborgskum lögum.

Krafa stefnanda um vexti styðjist við 7. gr. lánasamningsins milli Sidborg og Landsbanka Luxembourg S.A. Varðandi dráttavexti vísist til 8. gr. lánasamningsins milli Sidborg og Landsbanka Luxembourg S.A. Krafa stefnanda um innheimtukostnað byggir á gr. 6.4 í lánasamningnum milli Sidborg og Landsbanka Luxembourg S.A.

IV.

Málsástæður og lagarök stefnda

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því að ábyrgð stefnda sé einföld ábyrgð (accessory guarantee). Ekki verði séð af gögnum málsins að ábyrgð stefnda hafi verið framseld stefnanda. Hvorki framsalsgjörningurinn frá 29. júní 2012 né tilkynning framseljanda og framsalshafa til stefnda sama dag beri með sér að hin einhliða og persónulega ábyrgðaryfirlýsing, sem stefnandi gaf, 12. mars 2007, hafi verið framseld með lögformlegum hætti. Stefndi geti því ekki átt aðild að máli

Þessu og því beri þegar af þeirri ástæðu að sýkna hann með vísan til 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, þrátt fyrir að ágreiningur aðila lúti lögum Lúxemborgar.

Í öðru lagi byggir stefndi sýknukröfu sína á því að hin umþrætta skuldbinding Sidborg Inc. sé til komin vegna vanrækslu Landsbankans í Lúxemborg, framseljanda kröfunnar, á því að framkvæma ekki skýr viðskiptafyrirmæli stefnda um að selja þær eignir sem settar voru skuldinni til tryggingar. Með því hafi aðalskuldara verið bakað tjón að ófyrirsynju og án þess hefði aldrei reynt á ábyrgð stefnda.

Í þriðja lagi byggir stefndi á því að stefnandi hafi ekki látið reyna á innheimtu skuldarinnar hjá aðalskuldara, eins og honum beri að gera þegar um einfalda ábyrgð sé að ræða. Engin gögn sé að finna í málinu um að aðalskuldari hafi verið krafinn um greiðslu skuldarinnar eða að eftir því hafi verið gengið. Stefndi árétti í þessu samhengi að ábyrgðaryfirlýsingin sé gefin einhliða af hans hálfu og sé ekki gagnkvæm samningsskuldbinding.

Í fjórða lagi byggir stefndi sýknukröfu sína á því að ábyrgðin sé ógild þar sem hún beri með sér að starfsmenn Landsbanka Luxembourg S.A. hafi sinnt fjármálaþjónustu í Danmörku án tilskilins starfsleyfis. Ábyrgðin sé undirrituð í Rungsted í Danmörku og vottuð af tveimur starfsmönnum Landsbankans í Lúxemborg. Hafi vottarnir hins vegar ekki verið viðstaddir byggir stefndi á því að ábyrgðaryfirlýsing sé ógild af þeim sökum.

Í fimmta lagi byggir stefndi sýknukröfu sína á því að stefnanda hafi borið að krefja stefnda um greiðslu ábyrgðar um leið og hann taldi að greiðslufall hefði orðið af hálfu aðalskuldara. Fyrir liggir í málinu að stefndi hafi ekki verið krafinn um greiðslu ábyrgðar fyrr en rúmu ári eftir að veðkall barst aðalskuldara. Verði stefnandi að bera hallann af því tómlæti. Í sjötta lagi er byggt á því að undirritun ábyrgðaryfirlýsingar hafi ekki verið í samræmi við ákvæði greinar 1326 í Code Civil í lögum Lúxemborgar þar sem fram komi að handskrifa þurfi upphæð slíkrar skuldbindingar til þess að hún hafi gildi. Í sjöunda lagi byggir stefndi á því að krafa stefnanda sé fyrnd samkvæmt lögum Lúxemborgar.

Til vara krefst stefndi sýknu að svo stöddu. Stefnandi hafi ekki sótt kröfu sína á hendur aðalskuldara og óvissa ríki um greiðsluskyldu hans í ljósi þeirra formlegu annmarka sem raktir hafi verið sem og hins efnislega ágreinings sem uppi sé um lögmæti kröfunnar, einkum og sér í lagi með vísan til þess tjóns sem aðalskuldara kunni að hafa verið bakað með því að selja ekki hinar veðsettu eignir á umkröfðum tíma. Verði hvorki fallist á frávísun málsins né sýknukröfu stefnda vísar stefndi í 2. mgr. 26. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, og telur ástæðu til að sýkna stefnda að svo stöddu, þar til úr ágreiningi stefnanda og

aðalskuldara hafi verið skorið.

Til þrautarvara krefst stefndi þess að kröfur stefnanda verði lækkaðar verulega. Í fyrsta lagi mótmælir stefndi því að aðalskuldari hafi óskað eftir því að lánið yrði greitt út í jenum og telur stefndi augljóst að lánsfjárhæðin hafi tekið mjög neikvæðum gengisbreytingum af þeim sökum. Í þessu sambandi vísar stefndi til óska stefnda um að fá að draga á lánalínuna eina milljón evra. Sé þessi tilkynning dagsett 10. apríl 2007.

Stefndi hafnar alfarið kröfum stefnanda um vexti og dráttarvexti og vísar til þess tómlætis sem stefnandi sýndi. Þá hafnar stefndi því að ákvæði ábyrgðaryfirlýsingarinnar feli í sér að hann beri ábyrgð á vöxtum sem leggist við skuld aðalskuldara, auk þess sem vísað sé til málsástæðna fyrir sýknu sem að framan eru raktar og leiði til þess að mati stefnda, verði á annað borð ekki fallist á sýknu, að lækka beri dómkröfur verulega.

Þá hafnar stefndi því að heimilt hafi verið að láta andvirði hinna veðsettu eigna ganga upp í vaxtakostnað áður en því hafi verið ráðstafað inn á höfuðstól lánsins. Engin heimild hafi verið til slíks í lánasamningi Landsbankans í Lúxemborg og Sidborg Inc. eða samkvæmt ábyrgðaryfirlýsingu stefnda. Þá telur stefndi að þessi ráðstöfun sé auk þess ólögmat hvað hann varði þar sem skuldin safnaði vöxtum í meira en ár án þess að hann væri krafinn um greiðslu ábyrgðar.

V

Niðurstaða

Hinn 12. mars 2007 gerði fyrirtæki stefnda, Sidborg Inc. lánsamning við Landsbanka Luxembourg S.A. Í samræmi við ákvæði samningsins gekkst stefndi undir ábyrgð sem undirrituð var sama dag.

Fyrir liggur að um ágreining máls þessa fer eftir lögum Lúxemborgar samkvæmt grein 9.1 í ábyrgðinni frá 12. mars 2007. Samkvæmt ákvæðinu skal ágreiningi um ábyrgðina vísað til Héraðsdóms Reykjavíkur á Íslandi „en ekki annars dómstóls“.

Stefndi reisir kröfur sínar um sýknu í fyrsta lagi á því að ekki verði ráðið af gögnum málsins að ábyrgðin hafi verið framseld stefnanda. Stefndi sé því ekki réttur aðili málsins og beri að sýkna hann vegna aðildarskorts á grundvelli 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála.

Samkvæmt 20. gr. lánsamnings Landsbanka Luxembourg S.A. og Sidborg Inc, var lánveitanda hvenær sem er heimilt að framselja réttindi sín, ávinning og/eða skyldur samkvæmt samningnum, hvort sem var í heild eða að hluta. Í málinu liggur fyrir framsalssamningur, dagsettur 29. júní 2012, milli Landsbankans í Lúxemborg og Landsbanka Íslands hf., nú LBI ehf. Í 1. gr. samningsins er að

finna skýringar á hugtökum. Kemur þar fram að undir hugtakið tryggingar (e. collateral) falli meðal annars ábyrgðir. Í grein 2.1 er síðan skilgreint hvert framsalið (e. Assignment) sé en þar segir að framseljandi framselji framsalshafa með óafturkræfum hætti meðal annars öll tryggingarréttindi („The Assignor hereby irrevocably assigns to the Assignee by way of a distribution in kind all rights, titles and interests in, to and under the Loan Book and the Collateral“). Þá segir enn fremur í tilkynningu skiptastjóra Landsbanka Luxembourg S.A. til Sidborg Inc., dagsettri 26. júní 2012, en afrit var sent stefnda, að í framsalinu felist meðal annars tryggingar, fasteignaveð og persónulegar ábyrgðir. Með vísan til framangreinds þykir stefnandi hafa sýnt fram á að stefndi sé réttur aðili málsins. Verður því kröfu stefnda um sýknu vegna aðildarskorts hafnað.

Málsaðila greinir á um hvers eðlis ábyrgð stefnda sé og hvort og þá hversu tengd hún sé lánessamningnum. Stefnandi byggir á því að ábyrgð stefnda sé sjálfstæð ábyrgð, þ.e. að stefndi sé ábyrgur sem sjálfskuldarábyrgðaraðili og geti af þeim sökum ekki borið fyrir sig nema takmarkaðar varnir. Kröfuhafa sé í sjálfsvald sett hvort hann gangi fyrst að aðalskuldara eða ábyrgðarmanni, komi til vanskila. Stefnandi byggir hins vegar á því að um einfalda ábyrgð sé að ræða sem ekki verði skilin frá ákvæðum lánessamningsins. Geti stefndi því borið fyrir sig sömu mótbáru, er varði gildi samningsins og framkvæmd hans, og aðalskuldari.

Í texta ábyrgðarinnar kemur skýrt fram að lánessamningurinn hafi verið skilyrtur með þeim hætti að ábyrgðarmaður veitti ábyrgð í þágu lánveitandans. Í grein 2.1 segir í þýðingu löggilts skjalapýðanda:

„Gegn því að lánveitandi samþykki (að beiðni lántaka) að veita lánið eins og greinir í samningnum og gegn öðru góðu og gildu endurgjaldi (sem ábyrgðarmaður staðfestir að sé fullnægjandi og að hann hafi veitt því móttöku) ábyrgist ábyrgðarmaðurinn hér með skilyrðislaust og með óafturkræfum hætti, sem aðalskuldari en ekki einungis sem ábyrgðarmaður gagnvart lánveitandanum

(a) skilvísa og stundvísa greiðslu af hálfu lántaka í samræmi við skilmála og ákvæði samningsins (...).“

Í grein 2.2 segir jafnframt:

„Nú vanefnir lántaki greiðslu samkvæmt samningnum þegar einhver fjárhæð verður gjaldkræf og heitir ábyrgðarmaður þá því að hann muni greiða lánveitanda, þegar þess er krafist og innan 3 bankadaga frá því að ábyrgðarmanni berst krafan, fjárhæð sem er jöfn fjárhæðinni eða fjárhæðunum sem lántaki hefur vanefnt að greiða með vöxtum.“

Um vexti segir í grein 2.3:

„Hér með lofar ábyrgðarmaður lánveitanda að frá og með þeim degi sem ábyrgðarmanni berst tilkynning frá lánveitanda um vanefnd lántaka á greiðslu

samkvæmt samningnum muni ábyrgðarmaður greiða lánveitanda vexti af öllum fjárhæðum sem ábyrgði tekur til (bæði áður og eftir að dómur gengur um slík vanskil) sem nema sömu ársvöxtum og lántaka bæri að greiða af gjaldföllum greiðslum samkvæmt samningum, og skulu slíkir vextir greiddir þegar þess er krafist og innan 3 bankadaga frá því að ábyrgðarmanni berst krafan.“

Þá má ráða af 5. og 6. gr. ábyrgðarinnar að ábyrgðarmaður falli frá öllum undanþágum sem finnast í hinum undirliggjandi lánessamningi og að hann eigi engan endurkröfurétt gagnvart lántaka á meðan skuldbinding lántaka samkvæmt samningnum hefur ekki verið efnd að fullu.

Samkvæmt 2. mgr. 44. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, skal sá sem ber fyrir sig venju eða erlenda réttarreglu, leiða tilvist hennar og efni í ljós. Í máli þessu hafa aðilar aflað lögfræðialita frá lúxemborgskum lögmannsstofum, annars vegar frá Clifford Change, dagsett 17. júní 2014, sem stefnandi lagði fram og hins vegar frá Bonn Steinchen & Partners, dagsett 30. júní 2015, lagt fram af stefnda. Í fyrrgreinda álitinu segir að lúxemborgskir dómstólar hafi litið til þess, þegar meta skuli hvort ábyrgð teljist sjálfstæð ábyrgð eða almenn ábyrgð, að um sjálfstæða ábyrgð sé að ræða þegar skýrt sé kveðið á um að ábyrgðarveitandi skuldbindi sig til þess að greiða fjárhæð ábyrgðarinnar óafturkallanlega og skilyrðislaust. Greinir álitsgjafa ekki á um að um sjálfstæðar ábyrgðir sé ekki kveðið í lögum Lúxemborgar heldur hafi þær þróast samkvæmt venju.

Þegar höfð er hliðsjón af skýru orðalagi ábyrgðarinnar sem kveður á um að stefndi ábyrgist, sem aðalskuldari en ekki einungis sem ábyrgðarmaður, skilvísa greiðslu af hálfu lántaka, svo og þeirra ákvæða sem áður hefur verið lýst, einkum 2., 5. og 6. gr. hennar, er það niðurstaða dómsins að stefnandi hafi sannað að umrædd ábyrgð sé sjálfstæð ábyrgð samkvæmt lúxemborgskum lögum. Var lánveitanda í sjálfsvald sett hvernig hann ráðstafaði innborgunum inn á skuldina enda verður ekki séð að ákvæði ábyrgðar eða lánessamnings mæli fyrir um annað fyrirkomulag. Hefur stefnda, með lögfræðialiti því sem hann hefur lagt fram eða á annan hátt, ekki tekist að hnekkja þeirri niðurstöðu.

Stefndi byggir á því að vanskil aðalskuldara Sidborg Inc. séu til komin vegna þess að stefnandi hafi ekki framkvæmt viðskiptafyrirmæli aðalskuldara um að selja þær eignir sem voru settar til tryggingar skuldinni. Þessi málsástæða er í engu studd haldbærum rökum né sýnilega í andstöðu við ákvæði lánessamningsins um ráðstöfun tryggingarveða. Slíkur ágreiningur lýtur þar að auki ekki lögsögu dómsins eins og áður segir.

Einnig er byggt á því af hálfu stefnda að Landsbanki Luxembourg S.A. hafi ekki haft starfsleyfi á þeim tíma sem ábyrgðin var undirrituð í Danmörku en slíkt eigi að leiða til ógildis ábyrgðarinnar. Þessi málsástæða stefnda er haldlaus enda

hvorki rökstudd né studd gögnum. Verður henni því hafnað með vísan til 2. mgr. 44. gr. laga nr. 91/1991.

Þá byggir stefndi á því að stefnandi hafi sýnt af sér tómlæti með því að krefja stefnda fyrst um greiðslu rúmu ári eftir greiðslufall aðalskuldara. Eins og áður segir lýtur ágreiningur lögum Lúxemborgar. Stefndi hefur ekki varpað neinu ljósi á þær lagareglur sem gilda um tómlæti samkvæmt þarlandum lögum. Í ljósi þess og með vísan til 2. mgr. 44. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, verður þessari málsástæðu hafnað. Með sömu rökum verður þeim málsástæðum stefnda einnig hafnað, annars vegar að krafa stefnanda sé fyrnd og hins vegar að undirritun ábyrgðarinnar hafi ekki verið í samræmi við ákvæði nánar tilgreindra lúxemborgskra laga.

Með hliðsjón af ofangreindri niðurstöðu dómsins um að um sjálfstæða ábyrgð stefnda hafi verið að ræða kemur krafa stefnda um sýknu að svo stöddu ekki til álita.

Til þrautavara krefst stefndi lækkunar á dómkröfum stefnanda. Engir útreikningar voru hins vegar lagðir fram af hans hálfu. Í munnlegum málflutningi sínum vék lögmaður stefnda að því að dómkrafa stefnanda væri í ósamræmi við lúxemborgsk lög, sem var sú lögsaga sem aðilar komu sér saman um samkvæmt ábyrgðinni. Stefndi hafi ekki óskað eftir því að lánið yrði greitt út í jenum heldur evrum.

Samkvæmt grein 3.3 í lánssamningi Landsbanka Luxembourg S.A. og Sidborg Inc. hafði stefndi heimild til þess að myntbreyta láninu í þá mynt, sem bankinn hefði aðgang að. Þá sýna framlagðar greiðsluáskoranir, sem sendar voru stefnda, fjárhæð skuldarinnar í japönskum jenum. Meðal gagna málsins eru einnig tvö yfirlit Landsbanka Luxembourg S.A. sem staðfesta millifærslur japanskra jena. Hefur því ekki verið mótmælt af hálfu stefnda að þær fjárhæðir, sem fram koma í yfirlitunum og eru í japönskum jenum, hafi ekki verið greiddar inn á reikning aðalskuldara. Engin gögn liggja fyrir sem sýna fram á að aðalskuldari hafi gert athugasemdir við þessa tilhögun.

Þá hefur stefndi ekki fært fram nein haldbær rök eða gögn fyrir því að stefnanda hafi verið óheimilt samkvæmt lúxemborgskum lögum að krefja stefnda um greiðslu í japönskum jenum. Verður jafnframt að líta til þess að efnisatriði er varða hinn undirliggjandi samning Landsbanka Luxembourg S.A. og Sidborg Inc. lýtur lögsögu Lúxemborgar og eru ekki til úrslausnar í máli þessu eins og dómurinn hefur ítrekað bent á. Verður kröfu stefnda um lækkun fjárkröfunnar því hafnað.

Stefnandi krefst einnig „áfallandi vaxta og dráttarvaxta til greiðsludags“. Krafa þessi verður ekki skilin á annan hátt en svo að þar með sé stefnandi að krefjast vaxta og dráttarvaxta frá 25. september 2014 til greiðsludags. Framsetning

kröfunnar telst hins vegar óskýr og samræmist ekki þeim kröfum sem gerðar eru samkvæmt d-lið 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála. Þá er krafan ekki rökstudd sérstaklega. Má til hliðsjónar vísa til dóma Hæstaréttar í málum nr. 238/2007 og 58/2010. Verður henni því vísað frá dómi að sjálfsdáðum.

Samkvæmt því sem rakið hefur verið hér að framan er það niðurstaða dómsins að stefnda beri skylda til að greiða stefnanda eftirstöðvar láns, samkvæmt lánessamningi Sidborg Inc og Landsbanka Luxembourg S.A., á grundvelli ábyrgðar stefnda, dagsettrar 12. mars 2009, ásamt vöxtum eins og segir í dómsorði

Með hliðsjón af niðurstöðu málsins og með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 ber stefnda að greiða stefnanda 1.140.000 krónur í málskostnað en tekið hefur verið tillit til kostnaðar við flutning um frávísunarkröfu.

Sigríður Hjaltsted héraðsdómari kveður upp þennan dóm

DÓMSORÐ

Stefndi, Thomas Peter Thun, greiði stefnanda, LBI ehf., 113.773.739 japönsk jen ásamt umsömdum vöxtum. Af 87.463.063 japönskum jenum, með 2,06000% vöxtum frá 10. maí 2007 til 8. júní 2007, en með 1,99828% vöxtum frá 8. júní 2007 til 9. júlí 2007, en með 1,99680% vöxtum frá 9. júlí 2007 til 18. júlí 2007. Af 101.473.281 japönsku jeni, með 1,99660% vöxtum frá 18. júlí 2007 til 7. ágúst 2007. Af 102.233.229 japönskum jenum, með 2,04209% vöxtum frá 7. ágúst 2007 til 10. september 2007. Af 103.904.228 japönskum jenum, með 2,18197% vöxtum frá 10. september 2007 til 5. október 2007. Af 104.461.403 japönskum jenum, með 2,18945% vöxtum frá 5. október 2007 til 10. október 2007, en með 2,14059% vöxtum frá 10. október 2007 til 12. nóvember 2007, en með 2,01912% vöxtum frá 12. nóvember 2007 til 12. desember 2007, en með 2,02704% vöxtum frá 12. desember 2007 til 9. janúar 2008. Af 104.889.236 japönskum jenum, með 2,40947% vöxtum frá 9. janúar 2008 til 15. janúar 2008, en með 2,08727% vöxtum frá 15. janúar 2008 til 15. febrúar 2008, en með 2,07570% vöxtum frá 15. febrúar 2008 til 17. mars 2008, en með 2,44021% vöxtum frá 17. mars 2008 til 17. apríl 2008, en með 2,31858% vöxtum frá 17. apríl 2008 til 14. maí 2008. Af 111.672.602 japönskum jenum, með 2,32076% vöxtum frá 14. maí 2008 til 19. maí 2008, en með 2,51609% vöxtum frá 19. maí 2008 til 19. júní 2008. Af 112.329.079 japönskum jenum, með 2,52663% vöxtum frá 19. júní 2008 til 1. júlí 2008, en með 2,59232% vöxtum frá 1. júlí 2008 til 22. júlí 2008, en með 2,52854% vöxtum frá 22. júlí 2008 til 22. ágúst 2008, en með 2,48840% vöxtum frá 22. ágúst 2008 til 4. september 2008. Af 113.773.739 japönskum jenum, með 2,49113% vöxtum frá 4. september 2008 til 22. september 2008, en með 2,65155% vöxtum frá 22.

september 2008 til 22. október 2008, en með 2,13789% vöxtum frá 22. október 2008 til 22. nóvember 2008, en með 1,96080% vöxtum frá 22. nóvember 2008 til 22. desember 2008, en með 2,07908% vöxtum frá 22. desember 2008 til 22. janúar 2009, en með 1,58159% vöxtum frá 22. janúar 2009 til 22. febrúar 2009, en með 1,52619% vöxtum frá 22. febrúar 2009 til 5. mars 2009, en með 1,37000% vöxtum frá 5. mars 2009 til 12. mars 2009, en með 4,37116% vöxtum frá 12. mars 2009 til 23. mars 2009, en með 4,48807% vöxtum frá 23. mars 2009 til 22. apríl 2009, en með 4,33958% vöxtum frá 22. apríl 2009 til 22. maí 2009, en með 4,26665% vöxtum frá 22. maí 2009 til 22. júní 2009, en með 4,25116% vöxtum frá 22. júní 2009 til 22. júlí 2009, en með 4,23855% vöxtum frá 22. júlí 2009 til 24. ágúst 2009, en með 4,22250% vöxtum frá 24. ágúst 2009 til 22. september 2009, en með 4,21017% vöxtum frá 22. september 2009 til 22. október 2009, en með 4,19790% vöxtum frá 22. október 2009 til 23. nóvember 2009, en með 4,19716% vöxtum frá 23. nóvember 2009 til 22. desember 2009, en með 4,21210% vöxtum frá 22. desember 2009 til 22. janúar 2010, en með 4,20208% vöxtum frá 22. janúar 2010 til 22. febrúar 2010, en með 4,20621% vöxtum frá 22. febrúar 2010 til 22. mars 2010, en með 4,21058% vöxtum frá 22. mars 2010 til 22. apríl 2010, en með 4,21472% vöxtum frá 22. apríl 2010 til 26. maí 2010, en með 4,22687% vöxtum frá 26. maí 2010 til 22. júní 2010, en með 4,22860% vöxtum frá 22. júní 2010 til 22. júlí 2010, en með 4,22563% vöxtum frá 22. júlí 2010 til 23. ágúst 2010, en með 4,22545% vöxtum frá 23. ágúst 2010 til 22. september 2010, en með 4,22115% vöxtum frá 22. september 2010 til 22. október 2010, en með 4,20852% vöxtum frá 22. október 2010 til 22. nóvember 2010, en með 4,20933% vöxtum frá 22. nóvember 2010 til 22. desember 2010, en með 4,21894% vöxtum frá 22. desember 2010 til 24. janúar 2011, en með 4,21618% vöxtum frá 24. janúar 2011 til 22. febrúar 2011, en með 4,22566% vöxtum frá 22. febrúar 2011 til 22. mars 2011, en með 4,26386% vöxtum frá 22. mars 2011 til 22. apríl 2011, en með 4,25200% vöxtum frá 22. apríl 2011 til 23. maí 2011, en með 4,25096% vöxtum frá 23. maí 2011 til 22. júní 2011, en með 4,25457% vöxtum frá 22. júní 2011 til 22. júlí 2011, en með 4,25850% vöxtum frá 22. júlí 2011 til 22. ágúst 2011, en með 4,26193% vöxtum frá 22. ágúst 2011 til 22. september 2011, en með 4,26953% vöxtum frá 22. september 2011 til 24. október 2011, en með 4,27374% vöxtum frá 24. október 2011 til 22. nóvember 2011, en með 4,27820% vöxtum frá 22. nóvember 2011 til 22. desember 2011, en með 4,28123% vöxtum frá 22. desember 2011 til 23. janúar 2012, en með 4,28692% vöxtum frá 23. janúar 2012 til 22. febrúar 2012, en með 4,29087% vöxtum frá 22. febrúar 2012 til 22. mars 2012, en með 4,29469% vöxtum frá 22. mars 2012 til 23. apríl 2012, en með 4,29890% vöxtum frá 23. apríl 2012 til 22. maí 2012, en með 4,30272% vöxtum frá 22. maí 2012 til 22. júní 2012,

en með 4,30532% vöxtum frá 22. júní 2012 til 23. júlí 2012, en með 4,30940% vöxtum frá 23. júlí 2012 til 22. ágúst 2012, en með 4,31126% vöxtum frá 22. ágúst 2012 til 24. september 2012, en með 4,31559% vöxtum frá 24. september 2012 til 22. október 2012, en með 4,31330% vöxtum frá 22. október 2012 til 22. nóvember 2012, en með 4,31585% vöxtum frá 22. nóvember 2012 til 24. desember 2012, en með 4,32002% vöxtum frá 24. desember 2012 til 22. janúar 2013, en með 4,31782% vöxtum frá 22. janúar 2013 til 22. febrúar 2013, en með 4,32093% vöxtum frá 22. febrúar 2013 til 22. mars 2013, en með 4,32156% vöxtum frá 22. mars 2013 til 22. apríl 2013, en með 4,32405% vöxtum frá 22. apríl 2013 til 22. maí 2013, en með 4,32416% vöxtum frá 22. maí 2013 til 24. júní 2013, en með 4,32613% vöxtum frá 24. júní 2013 til 22. júlí 2013, en með 4,32820% vöxtum frá 22. júlí 2013 til 22. ágúst 2013, en með 4,33291% vöxtum frá 22. ágúst 2013 til 23. september 2013, en með 4,33700% vöxtum frá 23. september 2013 til 23. október 2013, en með 4,33480% vöxtum frá 23. október 2013 til 25. nóvember 2013, en með 4,33672% vöxtum frá 25. nóvember 2013 til 23. desember 2013, en með 4,34027% vöxtum frá 23. desember 2013 til 23. janúar 2014, en með 4,34193% vöxtum frá 23. janúar 2014 til 24. febrúar 2014, en með 4,34294% vöxtum frá 24. febrúar 2014 til 24. mars 2014, en með 4,34419% vöxtum frá 24. mars 2014 til 24. apríl 2014, en með 4,34808% vöxtum frá 24. apríl 2014 til 23. maí 2014, en með 4,34793% vöxtum frá 23. maí 2014 til 23. júní 2014, en með 4,35181% vöxtum frá 23. júní 2014 til 23. júlí 2014, en með 4,35358% vöxtum frá 23. júlí 2014 til 25. ágúst 2014, en með 4,34174% vöxtum frá 25. ágúst 2014 til 25. september 2014, allt að frádregnum innborgunum, 9. janúar 2008, að fjárhæð 541 japanskt jen, 1. júlí 2008 að fjárhæð 200 japönsk jen og 5. mars 2009 að fjárhæð 92.699.988 japönsk jen.

Stefndi greiði stefnanda 1.140.000 krónur í málskostnað.

Sigríður Hjaltested héraðsdómari kveður upp þennan dóm.

Sigríður Hjaltested (sign.)